

## Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um kjarasamning ríkisins við framhaldsskólakennara.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvað er áætlað að lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs aukist mikið vegna nýgerðs kjarasamnings ríkisins við framhaldsskólakennara:
  - a. samtals út samningstímann,
  - b. sem hlutfall af öllum greiddum launum samkvæmt kjarasamningnum,
  - c. sem hlutfall af launum þeirra sem taka laun samkvæmt kjarasamningnum og eiga lífeyrisrétt sambærilegan rétti í B-deild LSR?
2. Hver er þessi heildaraukning lífeyrisskuldbindinga að meðaltali á:
  - a. hvern framhaldsskólakennara (stöðugildi) sem tekur laun samkvæmt kjarasamningnum,
  - b. hvern framhaldsskólakennara sem tekur laun samkvæmt kjarasamningnum og á lífeyrisrétt sambærilegan rétti í B-deild LSR?
3. Hver er ógreidd heildarskuldbinding ríkissjóðs vegna núverandi og fyrrverandi framhaldsskólakennara?
4. Er gætt jafnræðis milli kennara í A-deild og B-deild LSR þar sem hinir fyrrnefndu fá ekki aukinn lífeyrisrétt samkvæmt samningnum?

Skriflegt svar óskast.

Prentað upp.